

100

10. des.

L Ö G

um afnám laga um veitingaskatt.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 99 19. júní 1933, um veitingaskatt, með síðari breytingum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1955.

Gjört í Reykjavík, 10. desember 1954.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

101

10. des.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 66 31. maí 1947, um Ræktunarsjóð Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „10 ár“ í 3. tölulið 3. gr. laganna komi: 20 ár.

2. gr.

2. málsg. 4. gr. laganna orðist svo:

Upphæð lánanna má vera allt að 60% kostnaðarverðs, eins og það er áætlað að meðaltali árlega. Njóti framkvæmdin framlags samkvæmt jarðræktarlögum, lækkar lánsupphæðin sem svarar framlaginu. Við það skal miðað, að kostnaðarverð framkvæmdanna sé að dómi sjóðsstjórnarinnar ekki hærra en eðlilegt má teljast samkvæmt verðlagi á hverjum tíma. Skulu framkvæmdirnar metnar á kostnað lán-takanda, eftir því sem þörf er á, svo sem nánar verður fyrir mælt í reglugerð.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1955.

Gjört í Reykjavík, 10. desember 1954.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.